

# Mánaðaryfirlit

Yfirlit októbermánaðar

## Áframhaldandi uppfærslur sammingsbundinna mata

Reitun lauk í október uppfærslum á lánshæfismötum **Orkuveitu Reykjavíkur** og **Kópavogsbæjar**. Báðir aðilar eru með **samning** við Reitun um **reglubundið mat** á lánshæfi. Í því felst m.a. að lánshæfismöt eru uppfærð tvisvar sinnum á ári auk þess sem útgendur skuldbinda sig til að tilkynna Reitun um atburði sem kunna að hafa áhrif á lánshæfi.

- **Orkuveita Reykjavíkur**
- **Kópavogsbær**
- **Uppfærslur**

Reitun framkvæmir einnig **skuggamöt** til þess að mæta **eftirspurn fjárfesta** eftir lánshæfismötum á útgendur skuldabréfa sem ekki eru með sammingsbundið mat hjá Reitun. Skuggamöt eru eingöngu byggð á opinberum upplýsingum og því er töluverð óvissa fólgin í þeim.

## Orkuveita Reykjavíkur: Jákvæðar horfur

Lánshæfismat Orkuveitu Reykjavíkur er B+ með jákvæðum horfum. Matið hefur því breyst úr stöðugum horfum í jákvæðar horfur. Vel hefur gengið að fylgja eftir aðgerðaráætlun Orkuveitunnar sem lagt var af stað með árið 2011. Gjaldskrá er nú vísitölutengd, dregið hefur úr rekstrarkostnaði og EBITDA framlegð félagsins er góð. Þröng lausafjárstaða dregur úr sveigjanleika Orkuveitunnar til að mæta áföllum en félagið er viðkvæmt fyrir ytri þáttum og markaðsáhætta er töluverð. Gerðir hafa verið vaxtaskiptasamningar til að draga úr vaxtaáhættu og er Orkuveitan vel varin fyrir vaxtabreytingum næstu árin. Erlendar skuldir félagsins eru 80% af heildarskuldum þess og gengisáhætta er stærsti áhættuþátturinn hjá félaginu. Unnið er að niðurgreiðslu skulda en Orkuveitan er þó enn mikið skuldsett. Sjóðstreymi félagsins mun samkvæmt áætlun standa undir afborgunum og vöxtum skuldbindinga á næstu árum. Ef heldur áfram sem horfir er það mat Reitunar að Orkuveitan verði orðið fjárhagslega sterk innan fárra ára

## Kópavogsbær: Gengisáhætta hverfandi

Lánshæfismat Kópavogsbæjar er áfram B+ með stöðugum horfum og er því óbreytt frá því í júní þegar einkunnin var hækkuð úr B í B+. Vel hefur gengið að greiða niður skuldir og áætlanir hafa staðist. Gengisáhætta Kópavogsbæjar er nú hverfandi en aðeins um 1,5% skulda eru í erlendum myntum. Stjórnendur hafa sýnt fram á áframhaldandi getu og vilja til að fylgja eftir markmiðum sem sett voru á árinu 2010. Horfur í efnahagsmálum eru sveitarfélaginu hagfeldar. Lóðaúthlutun gengur vel en það sem af er ári er bókfært úthlutunarverðmæti lóða um 800 - 900 m.kr. Fjárhagsstaða Kópavogsbæjar hefur haldið áfram að batna á undanförunum misserum. Ekkert bendir til annars en að jákvæð þróun í rekstri sveitarfélagsins muni halda áfram. Áætlanir hafa gengið sem skyldi og eru skuldir viðráðanlegar og veltufé frá rekstri sterkt

## Uppfærslur á síðari hluta ársins

Reitun hefur þegar metið þá útgefendur sem eru birtir hér að neðan. **Hakað hefur verið við þá útgefendur sem búið er að uppfæra lánshæfismat hjá í kjölfar birtingar 6 mánaða uppgjörs.**

Reitun uppfærir lánshæfismöt 2x á ári. Samningsbundin mót eru uppfærð oftast ef tilefni er til. Unnið er að lánshæfisgreiningum fleiri aðila en hér eru birtir.

### Rekstrarfélög

- CCP✓
- Eik
- Farice✓
- Félagsbústaðir
- HS Veitur✓
- Icelandair✓
- Landsnet✓
- **Orkuveita Reykjavíkur**✓
- Rarik✓
- **Reitir II**✓
- Skipti✓
- Sláturfélag Suðurlands✓
- Spölur✓

### Sveitarfélög

- Akureyri
- Fjarðarbyggð
- Fljótsdalshérað
- **Kópavogur**✓
- Mosfellsbær
- Norðurþing
- Reykjanesbær
- Reykjavíkurborg
- Árborg
- Vestmannaeyjar

### Fjármálastofnanir

- Arion banki
- Arioin banki:  
Sértryggð
- Byggðastofnun
- Íslandsbanki:  
Sértryggð
- Lánasjóður  
landbúnaðarins
- Lánasjóður  
sveitarfélaga